


## ✉ Re: 2202090 - Ósk um umsögn – skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu

Búið til	8.4.2022 16:03:49
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.4.2022 16:03:48
Tilheyrir	 202203-0047 - Skipulags- og matslýsing að breytingu aðalskipulags fyrir Breiðabólstað 2 í Borgarbyggð

### Efni

Re: 2202090 - Ósk um umsögn – skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	8.4.2022 16:03:48	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@borgarbyggd.is

### Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202202-0047 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 23. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Breytingin varðar að breyta landnotkun svæðis í landi Breiðabólstaðar úr landbúnaðarlandi (L) og athafnasvæði (A1) í íbúðarsvæði (Í4). Breytingin á við um 30,5 ha svæði og mun þéttbýliskjarninn við Reykholt stækka sem um þessu nemur. Stefnt er að því að á svæðinu verði 85-100 einbýlis-, par- og raðhúsaloðir auk lóðar fyrir verslun og þjónustu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin með skipulags- og matslýsingunni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér umtalsverða breytingu á landnotkun og m.a. er áætluð mikil fjölgun íbúa á svæðinu. Fyrir utan rask sem verður vegna uppbyggingar á svæðinu mun álag á umhverfi aukast. Þá þarf að taka tillit til umhverfisþátta sem verða fyrir raski eða auknu álagi. Stefnt er að því að fjalla um umhverfisáhrif í umhverfisskýrslu sem jafnframt verður tilkynning um matsskyldu.

Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að gerð umhverfisskýrslu byggist á góðum og nýlegum upplýsingum um náttúrufar svæðisins þ.m.t. gróður og dýralíf. Uppbyggingarsvæðið er í mikilli nálægð við Reykjadalásá sem er á gildandi náttúruminjaskrá og hefur áin og umhverfi hennar hátt verndargildi m.a. vegna búsvæða lífvera en einnig vegna ásynðar í landslagi.

Þótt áætlað skipulagssvæði nái ekki inn á mörk náttúruminjasvæðisins þarf að leggja mat á áhrif uppbyggingar á ána og næsta umhverfi sem og kortleggja gróður- og dýralíf innan skipulagssvæðisins þar sem t.d. er töluvert um votlendi. Náttúrufræðistofnun mælir með að gróðurfur og fuglalíf sé kannað sérstaklega en ekki einungis stuðst við eldri gögn. Sérstaklega þarf að kanna hvort sjaldgæfar plöntur finnast á svæðinu. Þá þarf að leggja mat á ásynðar- og landslagsáhrif af byggðinni.

Við mat á umhverfisáhrifum ber að horfa til margþátta áhrifa þess að bæta við þéttbýlisbyggð nálægt náttúruverndarsvæði m.a. áhrif vatns-, loft-, hljóð-, og ljósmengunar á lífríki, áhrif aukinnar bílaumferðar og áhrif aukinnar umferðar fólks af ýmsum toga t.d. gangandi eða hjólandi, sérstaklega við bakka Reykjadalársár og þar sem fuglar verpa, áhrif gæludýra á fuglalíf, áhrif ræktaðra plantna í görðum og skjólbeltum á villtan gróður o.fl. þess háttar.

Virðingarfyllst og góða helgi,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>

**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

**CC:**

**Subject:** 2202090 - Ósk um umsögn – skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu

**Date:** 23.3.2022 16:44:48

Góðan dag

Efni: **Breiðabólstaður 2** – skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu

**Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti fyrir sitt leyti skipulags- og matslýsingu að breytingu aðalskipulags fyrir Breiðabólstað 2 í Borgarbyggð til auglýsingar á fundi sínum nr. 224 þann 10. febrúar 2022.

Skipulagslýsingin var auglýst í Skessuhorni og Fréttablaðinu 23. mars 2022. Þá liggur skipulagslýsing fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Skipulagsauglýsingin er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is) (<http://www.borgarbyggd.is>).

**Óskað er umsagnar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Umsagnafrestur er til og með **10. apríl 2022**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.

Hægt er að senda tölvupóst á [skipulag@borgarbyggd.is](mailto:skipulag@borgarbyggd.is) (<mailto:skipulag@borgarbyggd.is>) b.t. skipulagsfulltrúa eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulags- og matslýsing dags. 09.03.2022



**Bestu kveðjur / Best regards**

Þóra Júlíusdóttir

Verkefnastjóri skipulags- og byggingardeildar

+354 433-7100

[thora.juliusdottir@borgarbyggd.is](mailto:thora.juliusdottir@borgarbyggd.is) (<http://@borgarbyggd.is>) / [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)

(<http://www.borgarbyggd.is/>)

[www.facebook.com/borgarbyggd](http://www.facebook.com/borgarbyggd) (<http://www.facebook.com/borgarbyggd>)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

image002.png (5 KB)